



HRUNAMANNAHREPPUR

74. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILID 2022 – 2026

15. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2025, þann 18. september kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir. Auk þess sat Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, fundinn og skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason, oddviti, setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Hér var gengið til dagskrár:

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

1. Skólanefnd: Fundargerð 18. fundar frá 5. september 2025.

-Liður 1 afgreiddur sérstaklega. Erindisbréfi Skólanefndar Hrunamannahrepps.

Lögð fram fundargerð 18. fundar Skólanefndar.

Varðandi lið nr. 1, erindisbréf skólanefndar, samþykkir sveitarstjórn erindisbréfið samhljóða. Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

2. Fundargerð 309. fundar skipulagsnefndar frá 10. september 2025.

Lögð fram fundargerð 309. fundar skipulagsnefndar frá 10. september 2025 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. september sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

Mál nr. 26. Laugarland lóð: Bílskúr, breytt skilgreining; Fyrirspurn.

Lögð er fram fyrirspurn sem tekur til Laugarlands lóðar L176084 í Hrunamannahreppi. Á lóðinni er bílskúr sem er staðsettur nokkra metra frá íbúðarhúsinu. Í fyrirspurninni felst heimild til þess að breyta honum í íbúðarhús og selja sem slíkt og hvaða skilyrði þarf þá að uppfylla.

Skipulagsnefnd UTU telur að fyrirspurnin samræmist ekki núverandi skipulagi og mælist til við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að erindinu verði synjað.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og synjar erindinu þar sem fyrirspurnin samræmist ekki núverandi skipulagi.

Mál nr. 27. Hlíð spilda 1: Frístundasvæði; Endurskoðað deiliskipulag.

Lögð er fram að nýju tillaga deiliskipulags vegna Hlíðar spildu 1 L221538 eftir auglýsingu. Deiliskipulagið tekur til skiptingu landsins, skilgreiningu byggingarreita og byggingarheimilda innan svæðisins. Við gildistöku skipulagsins fellur núverandi deiliskipulag svæðisins úr gildi. Umsagnir og athugasemdir bárust á auglýsingartíma og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum.

ART
DAS
1

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahreppur að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Sveitarstjórn samþykkir að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 28. Reitur ÍB3 Flúðum: Skilmálabreyting á íbúðarsvæði; Aðalskipulagsbreyting.

Lögð er fram, eftir auglýsingu, tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til reits ÍB3 innan þéttbýlisins á Flúðum. Í breytingunni felst heimild fyrir auknu byggingarmagni og hæðum bygginga innan svæðisins. Umsagnir bárust á auglýsingartíma og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja breytingu á aðalskipulagi eftir auglýsingu. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma skipulagsbreytingarinnar. Nefndin mælist til þess við sveitarstjórn að óskað verði eftir því við Skipulagsstofnun að aðalskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir breytingu á aðalskipulagi eftir auglýsingu. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma skipulagsbreytingarinnar. Sveitarstjórn óskar eftir því við Skipulagsstofnun að aðalskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 29. Vesturbrún 2-8 og 10-20: Þjónustuíbúðir og félagsþjónusta; Deiliskipulagsbreyting.

Lögð er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar, eftir auglýsingu, sem tekur til Torfdals og Vesturbrúnar í Hrunamannahreppi. Við Vesturbrún er fyrirhugað að reisa þjónustuíbúðir og félagsþjónustu fyrir aldraða. Í breytingunni felst að núverandi íbúðir sem eru á einni hæð við Vesturbrún 10, 12 og 14 verði fjarlægðar og nýtt eins til tveggja hæða íbúðarhús auk kjallara og bílageymslu neðanjarðar verði byggt í þeirra stað. Áætlað er að í húsinu verði 28 þjónustuíbúðir fyrir aldraða auk allt að 400 fm þjónustukjarna á einni hæð þar sem í verður félagsaðstaða aldraðra og matsalur. Íbúðarhúsin að Vesturbrún 2, 4, 6 og 8 og að 16, 18, og 20 komi til með að standa en þau verða endurgerð og íbúðum í þeim fjölgað. Umsagnir bárust á auglýsingatíma og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Sveitarstjórn samþykkir að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild

ART
#21
JRS
DCS
BL
2

Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 33. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. september sl.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. september sl.

3. Oddvitanefnd Uppsveita Árnessýslu: Fundargerð 11. fundar frá 4. september 2025.

-Ásamt minnisblaði varðandi rekstur stofnunarinnar Laugaráshéraðs.

Lögð fram fundargerð 11. fundar Oddvitanefndar Uppsveita Árnessýslu.

Í fundargerðinni kemur fram að oddvitanefndin leggur til við sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna að samþykkja að leggja niður stofnunina Laugaráshérað kt. 620169-5879 og að færa eignarhlut stofnunarinnar í jörðinni Laugarási til sveitarfélaganna. Jafnframt leggur oddvitanefndin til að Steinunn Erla Kolbeinsdóttir, hdl. verði fengin til að vinna þetta mál áfram með nefndinni og stefnt verði á að verkefninu verði lokið áramótin 2025 – 2026.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að leggja niður stofnunina Laugaráshérað kt. 620169-5879 og að færa eignarhlut stofnunarinnar í jörðinni Laugarási til sveitarfélaganna. Sveitarstjórn samþykkir jafnframt samhljóða tillögu Oddvitanefndar að Steinunn Erla Kolbeinsdóttir, hdl. verði fengin til að vinna þetta mál áfram með nefndinni og stefnt verði á að verkefninu verði lokið áramótin 2025 – 2026.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

4. Byggðasafn Árnesinga: Fundargerð 18. fundar stjórnar frá 9. september 2025.

Lögð fram fundargerð 18. fundar stjórnar Byggðasafns Árnesinga.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

5. Bergrisinn bs.: Fundargerð 87. stjórnarfundar frá 8. september 2025.

Lögð fram fundargerð 87. stjórnarfundar Bergrisans bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar um leið og vakin er athygli á fyrirhuguðum aðalfundi Bergrisans sem haldinn verður á Teams þann 9. október kl. 13:00.

6. SASS: Fundargerð 626. fundar stjórnar frá 5. september 2025.

Lögð fram fundargerð 626. fundar stjórnar SASS.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Erindi til sveitarstjórnar:

7. Bréf frá Náttúruhamfaratryggingu Íslands frá 10. september 2025.

Lagt fram bréf frá Náttúruhamfaratryggingu Íslands vegna áhrifa 16. gr. laga nr. 55/1992 ef byggingar eru reistar á svæðum sem fyrir fram er vitað að eru sérlega næm fyrir náttúruhamförum sem eru bótaskyldar hjá NTÍ.

Lagt fram til kynningar.

8. Bréf frá Skipulagsstofnun frá 12. september 2025.

Lagt fram bréf frá Skipulagsstofnun vegna efnistöku í landi Skollagrófar, Hrunamannahreppi þar sem fram kemur að verkefnið er háð mati á umhverfisáhrifum.

Lagt fram til kynningar.

Handwritten signatures and initials in purple ink: "ARTJ", "DGS", "B", and "HAA".

9. Bréf frá Kvennaathvarfinu frá 5. september 2025.

Lagt fram bréf frá Kvennaathvarfinu þar sem óskað er eftir rekstrarstyrk fyrir árið 2026.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að styrkja starfsemi Kvennaathvarfsins með sama hætti og gert hefur verið undanfarin ár og vísar erindinu til gerðar fjárhagsáætlunar fyrir árið 2026. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að óska eftir fræðslu fyrir starfsmenn sveitarfélagsins sem í boði er samkvæmt erindi samtakanna.

10. Bréf frá Félagi eldri Hrunamanna frá 8. september 2025.

Lagt fram bréf frá Félagi eldri Hrunamanna vegna húsnæðismála undir starfsemi félagsins.

Sveitarstjórn vill þakka fyrir bréfið og vekur jafnframt athygli á því að Félag eldri Hrunamanna getur nýtt þriðjudaga og fimmtudaga í húsnæði Heimalands fyrir félagsstarfsemi sína og einnig eru fjölbreyttir möguleikar fyrir starfsemi félagsins í öðru húsnæði sveitarfélagsins vilji félagsmenn nýta sér það. Bréfið að öðru leyti lagt fram til kynningar.

11. Tillaga frá forstöðumanni íþróttamannvirkja um breyttan opnunartíma í sundlauginni.

Lögð fram tillaga frá forstöðumanni íþróttamannvirkja um breyttan opnunartíma í sundlauginni.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að breyta morgunopnun úr tveimur morgnum í einn þannig að nú verði einungis morgunopnun á fimmtudagsmorgnum frá kl.6:00-9:00. Sveitarstjórn samþykkir jafnframt að opið verði á fimmtudögum eins og aðra virka daga eða frá 16:00-20:30. Kostnaður við þessar breytingar rúmast innan þegar samþykkrar fjárhagsáætlunar.

12. Minnisblað varðandi kaup á íbúðum í Hrunamannavegi 3 frá 16. september 2025.

Lagt fram minnisblað sveitarstjóra varðandi kaup á 5 íbúðum á Hrunamannavegi 3. Um er að ræða fjórar tveggja herbergja 62,7m² íbúðir og eina fjögurra herbergja 107,2m² íbúð á efri hæð í húsinu sem er miðsvæðis á Flúðum. Sótt hefur verið um stofnframlag til HMS vegna íbúðakaupanna enda er hér um félagslegt húsnæði að ræða. Svar vegna umsóknarinnar hefur enn ekki borist frá HMS.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fresta ákvörðun til næsta fundar eða þar til endanlegt svar fæst frá HMS varðandi stofnframlag til kaupanna.

13. Úthlutun lóða.

Fyrir fundinum liggur ein umsókn um lóðina Iðjuslóð 6.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að úthluta fyrirtækinu TMI ehf. kt. 491204-2060, lóðinni Iðjuslóð 6 enda uppfylli umsækjandi skilyrði sveitarfélagsins um lóðarúthlutun.

14. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Samþykkt samhljóða að næsti fundur sveitarstjórnar frestist um viku vegna fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna og verði haldinn þann 8.október 2025, kl. 16:00.

Fjárhagsleg málefni:

15. Drög að leigusamningi um lóðina Ásgarð 2.

Lögð fram drög að leigusamningi um lóðina Ásgarð 2 sem staðsett er í innan þjóðlendu Hrunamannahrepps, nánar tiltekið í Ásgarðsdal í Kerlingarfjöllum.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela oddvita og sveitarstjóra að fylgja eftir umræðum á fundinum.

Handwritten signatures and initials: ARJ, HA, BL, D9S.

16. Drög að samkomulagi um úthlutun og uppbyggingu á lóðum sem á deiliskipulagi eru merktar 2,4,6,8 (R1), 10-14 (ÍB1), ÍB3 og ÍB4 (skilgr. skv. fyrra deiliskipulagi) við Vesturbrún á Flúðum.

Lögð fram drög að samkomulagi um úthlutun og uppbyggingu á lóðum sem á deiliskipulagi eru merktar 2,4,6,8 (R1), 10-14 (ÍB1), ÍB3 og ÍB4 (skilgr. skv. fyrra deiliskipulagi) við Vesturbrún á Flúðum. Breyting á deiliskipulagi og aðalskipulagi reitsins með tilliti til þeirra hugmynda sem lagðar eru fram í samningnum hafa þegar verið samþykktar. Með samningnum samþykkir sveitarstjórn að kaupa 4 íbúðir í húsinu sem ráðgert er að byggja á móti gatnagerðargjöldum, byggingaréttargjaldi og greiðslu vegna húsa sem þegar eru á reitnum.

Sveitarstjórn samþykkir samninginn samhljóða og vonast til þess að með samningnum geti fljótlega hafist uppbygging á íbúðum fyrir eldra fólk sem sárlega er vöntun á á svæðinu.

17. Drög að samningi við Consensa um innkaupaþjónustu og ráðgjöf.

Lögð fram drög að samningi við Consensa um innkaupaþjónustu og ráðgjöf.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að rætt verði betur við fyrirtækið um væntanlegt útboð á sorphirðu í sveitarfélaginu.

18. Lánasamningur um skammtímalán hjá Lánasjóði íslenskra sveitarfélaga.

Lagður fram lánasamningur um skammtímalán hjá Lánasjóði íslenskra sveitarfélaga.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkir hér með samhljóða á sveitarstjórnarfundi að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 100.000.000,- með þeim lánaskilmálum sem býðst á þeim tíma sem lántaka fer fram. Lántakan getur verið í formi skammtímaláns, sem forvera langtímaláns, sem og langtímalán í þeim skuldabréfaflokkum sem Lánasjóðurinn býður sveitarfélögum upp á hverju sinni og hefur sveitarstjórnin kynnt sér skilmála skuldabréfaflokkanna eins og þeir koma fyrir á heimasíðu Lánasjóðsins.

Sveitarstjórnin samþykkir að til tryggingar láninu (höfuðstól, uppgreiðslugjaldi auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Er lánið tekið til að fjármagna framkvæmdir ársins og endurfjármagna eldri afborganir á lánum sveitarfélagsins hjá Lánasjóðnum sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Aldísi Hafsteinsdóttur, sveitarstjóra, kt. 211264-5009, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Hrunamannahrepps kt.640169-2309, að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

19. Viðauki 2 við Fjárhagsáætlun 2025 ásamt aðalbók.

Lagður fram viðauki 2 við Fjárhagsáætlun 2025 ásamt aðalbók.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða viðaukann við fjárhagsáætlun ársins 2025 sem ekki hefur í för með breytingar á afkomu sveitarfélagsins eða lántökum heldur felst viðaukinn eingöngu í tilfærslu á milli einstakra liða.

 DCS

ARJ

HA

Ba

Mál til kynningar:

20. Boð á ársfund Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Lagt fram til kynningar en sveitarstjóri er fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum.

21. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 983. fundar stjórnar frá 29.8.2025.

Lagt fram til kynningar.

22. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 984. fundar stjórnar frá 12.9.2025.

Lagt fram til kynningar.

23. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 87. fundar frá 20.6.2025.

Lagt fram til kynningar.

24. Fundadagskrá sveitarstjórnar út árið 2025.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:10.



Alexandra Pís Jóhannesdóttir
Bjarnur Vignisólóttir

Helga Hauksson
Dóti Geir Samuelsson

